

## TALNING Á VATNAFUGLUM Á ELLIÐAÁM

### MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR:	00074-010	DAGS.:	2021-12-12
VERKHLUTI:	02	NR.:	2
HÖFUNDUR:	Arnór Þórir Sigfússon	ÚTGÁFA	-
RÝNT AF:	Þórhildi Guðmundsdóttur		
DREIFING:	Orkuveita Reykjavíkur		

### Efni: Talning vatnafugla á Elliðaám

#### 1 Inngangur

Óskað var eftir því í tölvupósti frá Belindu Eir Engilbertsdóttur sérfræðingi lóða og lendna hjá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 23. apríl 2021, að Verkís léti gera úttekt á fuglalífinu eftir tæmingu lóns ofan Árbæjarstíflu. Í lok október 2020 voru botnlokur Árbæjarstíflu opnaðar þannig að áin rennur nú sem næst í sínum upprunalega farvegi sitt hvorum megin við Blásteinshólma.

Árbæjarstífla var byggð 1920-29 og nær hún yfir vestanverðan Blásteinshólma og yfir báðar kvíslar árinna. Fyrir varanlega tæmingu í október 2020 hafa botnlokur stíflunnar verið opnaðar að vori og lónið tæmt til að auðvelda göngur laxa upp ána. Um viku eftir að lónið tæmdist var svo lónið norðan við Blásteinshólma fyllt með því að stífla nyrðri kvíslina en í syðri kvíslinni var botnloka opin svo fiskur geti gengið þar óhindrað um. Á haustin var áður fyllt upp í bæði lónin til að stýra vatnsrennsli um árnar að vetri og hindra að krapi og ís stífli botnlokur. Þegar bæði lónin fyllast flæðir yfir þann hluta Blásteinshólma sem er næst stíflunni þannig að um eitt lón er að ræða.

Um árabíl hefur lónið verið aðdráttarafli fugla og manna, en þangað sækja andfuglar, spörfuglar og máfar í brauðgjafir frá almenningi líkt og víðar við tjarnir á höfuðborgarsvæðinu, s.s. Reykjavíkurtjörn, Kópavogslæk, Hafnarfjarðarlæk og Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Við slíkar tjarnir eru fuglarnir gæfari en almennt gerist og fólk upplifir þá í návígi og hefur ánægju af nálægð þeirra. Brauðgjafirnar geta verið góð viðbót við náttúrulega fæðu fuglanna og nýst þeim vel, sérstaklega yfir hávetur þegar jarðbönn eru víða og erfitt fyrir grasbíta eins og grændur, álfir og sérstaklega grágæsir að komast í beit. Á vorin og sumrin gegnir kannski öðru máli. Brauðgjafir þá eru auðfengin fæða fyrir andfugla og þeir geta mögulega fullnægt orkuþörf sinni að mestu og orðið saddir af brauðinu. Ekki er þó víst að þeir fái þau næringarefni og vítamín í brauðinu sem eru nauðsynleg kvenfuglum sem eru að mynda egg og ungum þegar þeir koma úr eggjum og eru að vaxa og þroskast. Á sumrin er því kannski ráðlegt að stilla brauðgjöfum í hóf og ef fólk vill fóðra fuglana þá væri ekki úr vegi að gefa þeim fjölbreyttara fæði, s.s. korn, hafra, maískorn, baunir og fræ ýmiskonar.

Þegar botnlokurnar voru opnaðar varanlega og áin fór að renna um sinn náttúrulega farveg hvarf lónið ofan stíflunnar þar sem andfuglar og máfar héldu sig og biðu brauðgjafa. Neðan stíflunnar að norðanverðu er breiða þar sem áin myndar lygnur sitt hvoru megin við meginstrauminn og þar og á bökkunum bíða nú andfuglar og máfar þess að vegfarendur gauki að þeim brauðmolum eins og var á lóninu áður. Á meðfylgjandi mynd má sjá nyrðri hluta þessa svæðis og þar eru stokkendur að synda í átt að ljósmyndaranum í von um brauðgjöf, hettumáfar sitja á bakkanum og neðst við lygnuna er álf með þrjá dúnunga sem eru nýkomnir úr hreiðrinu í Blásteinshólma, ofan stíflunnar. Ofan stíflunnar er einnig breiða eins og sjá loftmynd á borgarvefsja frá sumrinu 2021.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>



**Mynd 1** Breiðan neðan Árbæjarstíflu. Stokkendur synda í átt að ljósmyndara í von um brauðgjöf og neðar má sjá álf með þrjá dúnunga auk hettumáfa á bakkanum. Ljósmynd APS.

Ekki eru til heildartalningar á vatnafuglum á Elliðaám til samanburðar en í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) frá 1999<sup>2</sup> er listi yfir líklega varpfugla í Elliðaárdal, en í þeirri athugun voru varpfuglar taldir á 15 stöðvum upp með ánni, frá ósi að upptökum. Í töflu 1 sem byggir á skýrslunni er listi yfir þessar varptegundir. Talning nú leyfir því ekki samanburð við fyrri ár hvað fjölda fugla varðar en gefur okkur samanburð varðandi líklega varpfugla meðal vatnafugla.

**Tafla 1** Tafla yfir líklegt varp vatna fugla í Elliðaárdal 1997-1999.<sup>2</sup> Plúsar tákna algengni á talningastöðvum: + = strjáll og ++ = allalgengur. Plús innan sviga tákna líklegt en ekki staðfest varp og G = varp áður.

Tegund	Varp
Álf	+
Grágæs	+
Urtönd	+
Stökkönd	++
Skúfönd	+
Duggönd	(+)
Straumönd	+
Toppönd	+
Sílamáfur	+
Kría	+

<sup>2</sup> Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Náttúrufar með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur.* Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-99009. 73 bls. og gróðurkort.



## 2 Aðferðir

Til að fá hugmynd um útbreiðslu vatnafugla á Elliðaám var ákveðið að telja árnar frá stíflu í Elliðavatni niður að ósum. Gengið var með öðrum bakkanum og staðsetning fugla og fjöldi skráður á loftmyndir. Farið var meðfram báðum kvíslum Elliðaána. Fyrri talningin fór fram 20. júní 2021 og sú seinni 30. ágúst 2021. Ánum er skipt upp í tvö svæði í umfjöllun hér á eftir. Efra svæðið var ofan brúar á Höfðabakka rétt neðan Árbæjarstíflu upp að Elliðavatni. Neðra svæðið var frá brú á Höfðabakka að ósum. Báðar kvíslar Elliðaána voru taldar.

## 3 Niðurstöður

Niðurstöður talninga á Elliðaám má sjá í töflu 2. Mun meira var af fuglum í talningunni í júní en í ágúst. Þá var nokkur munur á svæðunum ofan og neðan brúar yfir Höfðabakka. Mun meira var af grágæs og máfum neðan brúar í júní sem helgast af því að mikið var af grágæsum við settjarnir nærri ósunum og sama var með máfa og æðarfugla, þá var helst að finna þar. Hettumáfar og sílamáfar voru mun algengari ofan brúar í ágúst og þá aðallega við Árbæjarstífluna. Algengasti fuglinn var grágæs, eða 185 fullorðnar gæsir og þar á eftir stökkönd, 60 fullorðnar endur voru í talningunni í júní. Ekkert sást af grágæs í ágúst en þá sást 37 stökkendur. Af þessum 185 grágæsum voru 25 pör með unga eða 50 fullorðnar gæsir. Fjöldi unga er ekki talinn með hér. Megnið af grágæsapörum með unga voru rétt upp af Árbæjarstíflu báðum megin Blásteinshólma og líklegt að talsvert gæsavarp sé í hólmanum og sennilega einnig mikið andavarp. Álftapar sást í báðum talningum og var það örugglega þar sem var á hreiðri um vorið í Blásteinshólma og hefur álftapar orpið þar reglulega undanfarin ár, að öllum líkindum sama parið. Í talningunni í júní var parið rétt neðan stíflunnar og þá með þrjá dúnunga (sjá mynd 1). Í talningunni í ágúst voru ungarnir orðnir tveir og fleygir og álftaparið komið með þá upp undir brú ofan við Fylkissvæðið, gegnt Klapparási. Af 60 stökköndum í júní voru 5 kollur með unga. Tvær stökkandakollur sást með unga í ágúst. Skúfönd var næst algengasta öndin og voru þær 22, engin þeirra sást með unga. Ein duggandakolla sást rétt ofan við veiðihúsið í júní og var hún ungalaus. Af fiskiöndum var toppöndin algengari og sást 7 fuglar. Einn gulandarsteggur sást nærri ósnum í vesturkvíslinni í júní. Æðarfuglar sást á ósasvæðinu í júní en þeirra varð ekki vart í ágúst talningunni. Hettumáfur var algengasti máfurinn bæði í júní og ágúst og sílamáfur næst algengastur. Mun meira sást af máfum í ágúst en þá sást m.a. fleygir ungar. Sílamáfur virtist liggja á hreiðri ofarlega í Blásteinshólma. Mest var af máfum við Árbæjarstífluna og svo á ósasvæðinu. Kríur sást í fyrri talningunni, mest á neðri hluta árinna. Engar kríur sást í ágúst talningunni. Óðinshana sást í júní og þá eingöngu efst, rétt neðan við stífluna í Elliðavatni og voru að tína í sig flugur í yfirborði árinna í lygnum en mikið var af bitmýi á talningardaginn.

Aðrir fuglar sem sást í talningunum en voru ekki taldir sérstaklega voru spörfuglar ýmiskonar, aðallega þar sem var kjarr og skógur. Þetta voru t.d. svartþrestir og skógarþrestir, starar, auðnutittlingar og svo sást einnig maríuerlur og hrafnar. Vaðfuglar ýmiskonar sást meðfram ánni s.s. stelkar, hrossagaukar, heiðlóur og spói.



**Tafla 2** Talning vatnafugla á Elliðaám sumarið 2021. Í aftasta dálki er tafla yfir algengni varpfugla við Elliðaár úr skýrslu NÍ.<sup>3</sup> + = strjáll og ++ = allalgengur. Plús innan sviga tákna líklegt en ekki staðfest varp og G = varp áður.

Tegund	Talning í júní			Talning í ágúst			NÍ - varptegundir	
	Ofan brúar	Neðan brúar	Samtals	Ofan brúar	Neðan brúar	Samtals	Ofan stíflu	Neðan stíflu
Álft	P/3u			P/2u			+	
Grágæs	48	137	185				+	
Grágæs pör m. unga	19	6	25				+	
Stökkönd ♂	26	15	41	17	5	22	++	++
Stökkönd ♀	13	6	19	9	6	15	++	++
Stökk ♀ m. unga	3	2	5	1	1	2	++	++
Skúfönd ♂	9	4	13				+	
Skúfönd ♀	6	3	9	1		1	+	
Duggönd ♂							(+)	
Duggönd ♀		1	1				(+)	
Straumönd ♀				4		4	+	
Toppönd ♂	3	1	4				(+)	
Toppönd ♀	2	1	3				(+)	
Gulönd ♂		1	1					
Æður					12	12		
Æður ♂								
Æður ♀		2	2					
Kría	4	14	18					+
Hettumáfur	7	13	20	24	28	52		
Silamáfur	4	12	16	29	18	47		
Stormmáfur					8	8		
Silfurmafur					7	7		
Óðinshani	9		9					

## 4 Umræður

Talningar á vatnafuglum á Elliðaánum gefa okkur góða hugmynd um tegundir sem þar verpa og algengni þeirra. Eins og segir að framan þá er til talning<sup>3</sup> frá 15 stöðvum meðfram Elliðaánum frá síðasta áratug síðustu aldar. Sú talning býður ekki upp á samanburð er varðar fjölda fugla en ef fjöldi tegunda er borinn saman þá hefur lítil breyting orðið frá því þá (tafla 2). Af varpfuglum sem sást í talningu NÍ vantar urtönd, en engin sást í talningum í sumar. Ekki er samt útilokað að urtönd verpi við Elliðaár þó hún hafi ekki komið fram við þessa talningu. Straumönd var talin strjáll varpflugl í skýrslu NÍ en nú sást engar straumendur í júní og í ágúst sást fjórir kvenfuglar neðan við stífluna efst við Elliðavatn. Eins og með urtöndina þá er ekki hægt að útiloka að straumönd sé enn strjáll varpflugl en hafi bara ekki komið fram nema þarna í ágúst. Duggandakolla sást nú, líkt og í talningu NÍ en ekki með unga. Nokkuð sást af skúfönd í júní en engir ungar og í ágúst sást einungis ein kolla. Hvorki æður né gulönd sást í talningu NÍ en hún náði þó aðeins að brúnni yfir Elliðaár ofan við ósana. Ósasvæðið var

<sup>3</sup> Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Náttúrufar með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur.* Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-99009. 73 bls. og gróðurkort





talið með Elliðavogi í talningu NÍ. Þeir æðarfuglar sem sáust í þessari talningu sem hér er til umfjöllunar voru allir neðan brúar og það sama á við um gulandarstegg sem sást í júní. Gulandakolla með fjóra unga sást í athugun á Elliðaám haustið 2020<sup>4</sup> og gulendur sjást reglulega við Árbæjarstíflu að vetri svo ekki er útilokað að gulönd verpi við árnar. Þegar kollan með ungana sást þá voru þeir fleygir svo það er heldur ekki loku fyrir það skotið að fjölskyldan sé aðkomin frá öðru svæði.

Í skýrslu NÍ er stökkönd eini vatnafuglinn sem er talinn allalgengur, en hún var algengasta öndin í talningunni nú og sáust 5 kollur með unga. Grágæs er talin strjáll varpfugl í skýrslu NÍ en nú myndi grágæsin vera talin allalgeng. Mest var af grágæs með unga í námunda við Blásteinshólma í júní en við sleppitjarnir á ósasvæðinu var allnokkur hópur gæsa sem voru ungalausar, líklega geldfuglar og varpfuglar sem varp hafði misfarist hjá. Blásteinshólmi er kjörinn staður fyrir varp andfugla eins og gæsir og endur því þar eru runnar og gróður til að verpa í og hólminn veitir vernd fyrir ferfættum rándýrum eins og köttum, þó minkur komist auðveldlega í hólmann. Þá er þar lítil sem engin umferð manna og hunda. Minkur sást í júní við vesturkvíslina, rétt neðan við Árbæjarstíflu og sást hann veiða seiði eða silung við bakkann. Minkurinn er líklegur til að veiða sér unga auk þess sem hann er ógn við andakollur á hreiðrum í hólmanum. Álftapar hefur átt hreiður í hólmanum um árabil og hefur parið leitað á lónið ofan Árbæjarstíflu, meðan það var, með unga sína þegar þeir voru leiddir út hreiðri. Nú dvaldi parið með ungana neðan stíflunnar og þáði þar brauðgjafir frá vegfarendum (mynd 1). Ungarnir voru í upphafi þrjár eins og sést á mynd 2 en fljótlega eftir að hún var tekin þá fækkaði þeim um einn og kom parið tveim ungum á legg og leitaði á endanum upp eftir ánni með þá.

Óðinshannar sáust í talningunni í júní en þeirra virtist ekki hafa orðið vart í talningum NÍ<sup>5</sup>. Óðinshannarnir voru allir á efsta svæðinu, rétt neðan stíflunnar í Elliðavatni og gætu hafa verið varpfuglar við vatnið en leitað fanga í árnar því mikið var af bitmýi þegar talið var í júní. Sílamáfar og hettumáfar sáust í talningu NÍ en voru ekki taldir varpfuglar. Í Blásteinshólma virtist sílamáfur liggja á hreiðri og talsvert var af sílamáfum og hettumáfum á svæðinu við Árbæjarstíflu, líklega vegna vonar um brauðgjafir. Ekki er ólíklegt að sílamáf muni fjölga sem varpfugli í hólmanum ef parið heldur áfram að verpa þar. Ekki fannst merki um hettumáfsvarp við árnar. Kríur sáust í talningum en ekkert merki er um varp alveg við árnar. Kríur verpa í Ártúnsbrekku, rétt ofan við fossinn og er það sama varp og tiltekið er í skýrslu NÍ.

Þó ekki megi bera talningar nú við talningar í skýrslu NÍ beint saman er líklegt að fuglalíf nú sé með líku sniði og var í lok síðustu aldar. Athyglisvert er að í skýrslu NÍ er ekki rætt um lónið við Árbæjarstíflu og fugla þar þegar rætt er um fugla í Elliðaárdal. Stökkönd var meira að segja talin vera strjáll vetrargestur þá. Nú er stökköndin algengasti fuglinn við stífluna og var það við lónið ofan stíflu áður en botnlökurnar voru opnaðar. Ekki er hægt að segja til um hvort vatnafuglum hafi fækkað í Elliðaárdal við tæmingu lónsins þó mögulegt sé og ekki ólíklegt að fuglum hafi fækkað við stífluna. Brauðgjafir eru ekki endilega til þess fallnar að stækka varpstofn fugla í dalnum þó þær séu aðdráttarafli fyrir ákveðnar tegundir fugla, s.s. grasbíta meðal andfugla og fyrir máfa og spörfugla. Eins og fyrr sagði þá geta brauðgjafirnar verið góð viðbót við náttúrulega fæðu fuglanna og nýst þeim vel, sérstaklega yfir hávetur þegar jarðbönn eru víða og erfitt fyrir grasbíta eins og grændur, álftir og sérstaklega grágæsir að komast í beit. Brauð er samt ekki endilega besta fæða fyrir endur sem eru að undirbúa varp eða fyrir unga sem eru að vaxa upp og þurfa fjölbreytta náttúrulega fæðu til að þroskast. Í talningum í júní og ágúst var áberandi meðal stökkanda við stífluna að það voru aðallega andasteggir, minna af kollum og fáar með unga.

Meðan vegfarendur stoppa við stífluna og henda brauði og öðru góðmeti til fuglanna þá munu þeir halda áfram að safnast þar saman og þiggja gjafir. Við það að lónið tæmdist þá halda fuglar sig aðallega neðan stíflunnar þó einnig séu enn fuglar ofan við hana. Líklegt að framboð á þessu gjöfum ráði meiru um fjölda fugla sem sækjast eftir þeim heldur en stærðin á lóninu sem var. Nægt rými virðist neðan stíflu og ofan fyrir álíka fjölda fugla og áður sótti á lónið.

<sup>4</sup> Arnór Þ. Sigfússon 2020. Áhrif tæmingar á lóni ofan Árbæjarstíflu á fuglalíf. Minnisblað unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, október 2020.

<sup>5</sup> Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Náttúrufar með Sundum í Reykjavík. Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur.* Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-99009. 73 bls. og gróðurkort





**Mynd 2** Álftarungarnir með foreldrum sínum. Efri myndin er tekin 20. júní neðan við Árbæjarstíflu en sú neðri er tekin 30. ágúst brú ofan við Fylkissvæðið, gegnt Klapparási. Ljósmyndir APS.

Álftaparið sem verpir í Blásteinshólma virðist vera almenningi og þeim sem er annt um fuglalífið í dalnum sérstaklega hugleikið. Höfðu ýmsir áhyggjur af því fyrir ári síðan þegar lónið var tæmt að álftaparið hyrfi á braut. Þessar áhyggjur leiddu til þess að Orkuveita Reykjavíkur óskaði eftir álitni Verkís um líkleg áhrif á varp álftaparsins og var það álit gefið út í minnisblaði.<sup>6</sup> Þar var það talið mjög líklegt

<sup>6</sup> Arnór Þ. Sigfússon 2020. Áhrif tæmingar á lóni ofan Árbæjarstíflu á fuglalíf – Álftavarp í Blásteinshólma. Minnisblað unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, nóvember 2020.



að álftaparið myndi halda áfram varpi og reyndist svo vera því í vor birtist álftapar og verpti á sama stað og áður. Því var einnig svarað til að næga fæðu ætti að vera að finna fyrir álftaparið og fjölskylduna í dalnum og tæmingin ætti ekki að hafa áhrif þar á. Í sumar klöktust þrír ungar úr eggjum að því er virðist en fljótlega fækkaði um einn. Höfundur fékk þó skilaboð í gegnum spurningar fjölmiðlamanna þar sem talið var að tveir ungar væru dauðir og sá síðasti við dauðans dyr. Svo reyndist þó ekki vera og kom parið upp tveim ungunum eins og sjá má á mynd 2 en hún er tekin í lok ágúst og ungarnir þá orðnir fleygir og fjölskyldan á leið upp ána. Hvað varð þessum eina unga að aldurtila er ómögulegt að segja og kemur þar margt til greina. Fæðuskortur gæti verið ástæða en þá er ekki ólíklegt að það hefði bitnað á hinum ungunum einnig. Afræningjar eru einnig möguleiki, unginn hvarf þegar hann var tiltölulega lítill dúnungi. Á svæðinu sást minkur sem kemur til greina sem sökudólgur. Enn fleiri kettir en minkar sáust við talningar meðfram ánni og eru þeir öflug rándýr sem veiða fugla, bæði spörfugla og andfugla. Sílamáfar eiga það til að taka unga en álftarungi er kannski heldur stór biti fyrir þá. Full ástæða er til þess að hvetja til að reynt sé að halda minkum í skefjum við Elliðaánnar með því að leggja þar gildirur. Þá ætti að hvetja til þess að köttum sé haldið frá svæðinu með því að höfða til kattaeigenda að halda þeim inni á varptíma fugla, sérstaklega að nóttu til.

Með áframhaldi brauðgjafa við stífluna, sérstaklega að vetri þegar það kemur sér best fyrir fuglana, þá ættu fuglavinir og almenningur að geta notið samvista við endur og aðra fugla þar. Að vetri má t.d. komast þar í návígi við gulendur sem eru frekar sjaldséðir fuglar hér á landi og alla jafna mjög styggir. Við stífluna eru gulendurnar orðnar vanar fólki og því hægt að njóta þeirra í návígi og mynda. Sama á við um aðrar tegundir eins og toppendur, skúfendur og svo auðvitað stökkendurnar sem þarna má finna allt árið um kring auk álfta og gæsa.